

## STAÐFESTING Á STAÐFESTINGARSKÍRTEINI

(„Yfirlýsingin“)

Félagsbústaðir hf.,  
Þönglabakka 4,  
109 Reykjavík  
berist framkvæmdastjóra

Reykjavík 15. nóvember 2021

### Efni: Staðfesting á staðfestingarskírteini

Vísað er til veðhafasamkomulagsins dagsett 5. janúar 2018 („veðhafasamkomulagið“). Hugtök sem notuð eru í þessu skjali en eru ekki skilgreind sérstaklega skulu hafa þá merkingu sem þeim er gefin í veðhafasamkomulaginu.

Vísað er einnig til staðfestingarskírteinis sem gefið er út af lántaka, dagsett 10. nóvember 2021 („staðfestingarskírteinið“), sem staðfestir stöðu og útreikning lánþekju, virði og veðsetningu hinna veðsettu eigna, útistandandi veðsettar kröfur og yfirlýsingu lánveitandi um að engin vanefndatilvik séu viðvarandi.

Undirritaður hefur farið yfir staðfestingarskírteinið og þær upplýsingarnar sem veðgæsluaðila voru afhentar með staðfestingarskírteininu og, í þeim tilfellum sem veðgæsluaðili taldi þörf á, var óskað eftir frekari upplýsingum frá lántaka („sjálfstæða yfirferðin“). Miðað er við stöðu ákvílandi skulda þann 30.9.2021 að teknu tilliti til þess að veði hefur verið aflétt af einni eigi. Að lokinni sjálfstæðu yfirferðinni, þá eru niðurstöður veðgæsluaðila eftirfarandi:

Þann 30. september 2021 var lánþekja eftirfarandi: 27,63%.

Sjálfstæð yfirferð á verðmæti hinna veðsettu eigna samræmist verðmatinu sem lántaki setur fram í staðfestingarskírteininu og er ekki efnislega frábrugðið því. Sjálfstæði yfirverð hefur átt sér stað á stöðu áhvílandi lána og staðfestingu á því að veðsettar eignir séu tryggðar.

Fyrir hönd A.L lögmanna slf. sem veðgæsluaðila



A.L lögmenn slf.

*Sigurður V. Guðjónsson hdl.*